

STARFSREGLUR

fyrir svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi.

I. KAFLI

Markmið og skipan nefndarinnar.

1. gr.

Sveitarfélögin á Austurlandi; Vopnafjarðarhreppur, Múlaþing, Fljótsdalshreppur og Fjarðabyggð, á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), hafa komið á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin, fjalla um breytingar á því og annast lögbundna endurskoðun. Nefndin starfar í umboði og undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 22. gr. skipulagslaga. Austurbrú ses. er falin verkefnastjórn svæðisskipulags Austurlands samkvæmt samningi af hálfu Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), og er verkefnastjóri Austurbrúar starfsmaður nefndarinnar.

Markmið svæðisskipulagsins er að draga fram þá þætti sem eru til þess fallnir að efla samfélagið á Austurlandi með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi. Stefna skal að því að setja fram aðgengilegar upplýsingar um sérkenni svæðisins með skýrum hætti. Við svæðisskipulagsgerðina skal svæðisskipulagsnefndin vinna með sjálfbærni til grundvallar stefnumörkun í öllum málaflokkum. Helstu verkefni/málaflokkar sem unnið verður með eru: Markaðssetning Austurlands, búseta og lífsgæði, þekkingarsamfélag og nýsköpun og atvinna og auðlindir. Stefna sem á þessu byggist verður sett fram í svæðisskipulaginu. Skipulaginu er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu ólíkra aðila til eflingar svæðisins, efnahagslega og umhverfislega.

2. gr.

Sveitarstjórnir Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar skipa allt að tvo fulltrúa hver í nefndina og allt að tvo til vara.

Hver fulltrúi, sbr. 1. mgr., fer með eitt atkvæði á fundum.

Ferðamálasamtök Austurlands skipa einn fulltrúa og einn til vara með málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar þar til skipulagið fær staðfestingu.

Ef sveitarstjórnir eru ekki skipaðir fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd er þeim heimilt að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar, sbr. 2. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Svæðisskipulagsnefnd er heimilt að búa til minni starfs- og framkvæmdahópa innan nefndarinnar til að vinna að einstökum verkþáttum á milli funda.

Svæðisskipulagsnefnd er heimilt að bjóða öðrum að sitja einstaka fundi nefndarinnar eða taka þátt í vinnslu afmarkaðra þátta vinnunnar, eftir því sem nefndin telur best þjóna viðfangsefnum sínum hverju sinni.

II. KAFLI

Hlutverk nefndarinnar.

3. gr.

Svæðisskipulagsnefndin kýs sér formann og varaformann. Nefndin felur verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands hjá Austurbrú að rita fundargerðir og annast tilheyrandi frágang og utanumhald nefndarstarfsins.

Meðan svæðisskipulagið er í gildi skal svæðisskipulagsnefnd skipuð að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar þess sveitarfélags sem síðast fór með formennsku í nefndinni boða til fyrsta fundar hennar að loknum sveitarstjórnarkosningum í samráði við verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands.

4. gr.

Hlutverk svæðisskipulagsnefndar er að annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulagsins og umhverfismats áætlunarinnar undir yfirstjórn viðkomandi sveitarstjórna. Hins vegar, eftir staðfestingu svæðisskipulagsins, er hlutverk nefndarinnar að sjá um framfylgd og breytingar á svæðis-

skipulaginu. Í starfi sínu tekur svæðisskipulagsnefnd mið af landsskipulagsstefnu auk markmiða svæðisskipulagsins sjálfs og þróunar í sveitarfélögunum.

Skipulagsáskvarðanir svæðisskipulagsnefndar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

III. KAFLI

Starfshættir nefndarinnar.

5. gr.

Vinna svæðisskipulagsnefndar felst m.a. í því sem hér segir: Nefndin tekur saman lýsingu á skipulagsverkefninu í upphafi svæðisskipulagsvinnunnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga, þ.m.t. lýsingu á umfangi og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu, sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætla- ana. Nefndin leitar samþykkis sveitarfélaganna á lýsingunni. Að því loknu kynnir nefndin lýsinguna opinberlega og leitar samhliða umsagna Skipulagsstofnunar og valinna umsagnaraðila. Því næst vinnur nefndin svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu í samræmi við fyrirbyggjandi lýsingu.

Nefndin kynnir svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu fyrir almenningi, leggur hana fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar og sendir hana að því loknu til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar er tillagan auglýst í samræmi við ákvæði 24. gr. skipulagslaga og gefinn frestur til athugasemda.

Að lokinni kynningu samkvæmt 24. gr. skal nefndin fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til athugasemda sem hafa borist og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni, sbr. 25. gr. skipulagslaga. Þá skal senda tillöguna til sveitarstjórna og vinna að öðru leyti í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulagslaga um málsmeðferð.

Sama málsmeðferð á við þegar um breytingu á svæðisskipulagi er að ræða.

6. gr.

Á vinnslutíma svæðisskipulagstillögunnar skal halda fundi í svæðisskipulagsnefnd eftir því sem þörf krefur, að jafnaði þó eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti. Eftir staðfestingu svæðisskipulags fundar nefndin eftir þörfum. Þó skal nefndin koma saman að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið og tilkynna Skipulagsstofnun um niðurstöðu sína, sbr. 26. gr. skipulagslaga.

Telji nefndin þörf á endurskoðun svæðisskipulags gerir hún rökstudda tillögu um það til hlutað- eigandi sveitarfélaga. Samþykki allra sveitarfélaga þarf áður en ráðist verður í endurskoðun svæðis- skipulags.

Fundargerðir eru ritaðar á fundum svæðisskipulagsnefndar og staðfestar af fundarmönnum á fundi eða í kjölfar hans með rafrænni undirritun. Fundargerðir eru sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem leggja þær fram til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnanna.

Formaður nefndarinnar, eða starfsmaður nefndarinnar fyrir hans hönd, boðar til funda með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Tillaga að dagskrá fylgir fundarboði. Boðun með tölvupósti er fullgild, en ganga skal eftir staðfestingu nefndarmanna um mætingu. Fundur er lögmætur ef formaður eða vara- formaður og helmingur nefndarmanna eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um ákvarð- anir og afgreiðslur svæðisskipulagsnefndarinnar. Takist það ekki ræður afl atkvæða. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmunum eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

IV. KAFLI

Kostnaður við störf nefndarinnar o.fl.

7. gr.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) gerir samning við Austurbrú ses. um verkefnastjórn svæðisskipulags Austurlands. Austurbrú ses. gerir skriflega samninga við aðra utanaðkomandi ráð- gjafa á grundvelli áherslna svæðisskipulagsnefndar og stjórnar SSA. Kostnaður vegna svæðisskipu- lags Austurlands greiðist annars vegar í samræmi við samning um sóknaráætlun og hins vegar með mótframlagi frá Skipulagssjóði, samkvæmt samningi við sjóðinn.

Verkefnið greiðir kostnað vegna þátttöku fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd, þ.e. fyrir fundarþátt- töku og akstur. Árlegur kostnaður vegna starfa nefndarinnar eftir gildistöku svæðisskipulags greiðist

með fjármagni úr samningi um sóknaráætlun með fyrirvara um fjárframlög hins opinbera til samningsins. Kostnaður vegna breytinga sem afmarkast við einstök sveitarfélög, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist, eftir staðfestingu svæðisskipulagsins, af viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum sameiginlega þegar við á, í samræmi við íbúafjölda. Ekki er gert ráð fyrir að vinnuframlag stofnana sveitarfélaganna, s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu, verði reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess.

V. KAFLI
Gildistaka.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum, hafa einnig hlotið samþykki sveitarstjórna allra hlutaðeigandi sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

F.h. svæðisskipulagsnefndar Austurlands, 15. október 2021,

Jón Björn Hákonarson

Björn Ingimarsson

Helgi Gíslason

Sara Elísabet Svansdóttir